

Nefndarsvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 140/1228
komudagur 19.2.2012

Reykjavík, 24. febrúar 2012
EBG/hó

Efni. Tillaga til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022, á 140. löggjafarþingi, þskj. 418 - 342. mál
Tilv. 2012020008

Tillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 8. febrúar 2012.


Bændasamtök Íslands fagna framlagningu fjarskiptaáætlana til fjögurra ára og tólf ára. Þær eru afar mikilvægar varðandi stefnumótun fyrir fjarskipti í dreifbýli. Fjarskipti, netsamband, sjónvarpssamband og útvarpssamband, eru mjög mikilvæg fyrir nútíma samfélag í sveitum. Bændasamtök Íslands telja mikilvægt að dreifbýli og sveitir fái notið sömu uppbyggingar á fjarskiptakerfum og þéttbýlið þannig að jafnræðis verði gætt. Bændasamtökin hafa áhyggjur af svæðum sem skilgreind voru sem markaðssvæði í tengslum við háhraðaverkefni Fjarskiptasjóðs og leggja áherslu á að á fjallað verði um vandamál tengd þessum svæðum hvað varðar háhraðatengingar, í nýrri fjarskiptaáætlun. Bændur reiða sig mikið á fjarskipti í störfum sínum sem og daglegu lífi og mikilvægt að unnið verði að og séð til þess að fjarskipti í dreifbýli uppfylli nútímakröfur. Uppbygging fjarskipta í dreifbýli er nauðsynleg fyrir samkeppnishæfni landbúnaðar og Bændasamtök Íslands telja mikilvægt að stjórnvöld tryggi jafnt aðgengi íbúa í dreifbýli að upplýsingasamfélaginu. Fjarskiptaáætlun er afar mikilvægur þáttur í að tryggja að framangreindum markmiðum verði náð. Í tengslum við fjarskiptaáætlun fagna Bændasamtök Íslands nýjum lögum um Fjarskiptasjóð sem framlengja starfstíma hans í fimm ár, enda ljóst að stjórnvöld þurfa að koma að uppbyggingu á fjarskiptum þar sem er markaðsbrestur.

Bændasamtök Íslands vilja benda á að þau telja of hægt farið í sakir að því er varðar e.-f. liði 1. kafla tillögunnar. Þau telja áætlunina ekki nógu framsækna að því er þetta varðar og lýsa yfir áhyggjum sínum yfir því að 1% landsmanna verði skilin eftir árið 2022 hvað varðar uppbyggingu á 100 MB/s tengingu.

Árið 2022 gætu 1% lögheimila verið á annað þúsund og því ljóst að væntanlega er þetta að stærstum hluta bændur í hinum dreifðu byggðum á svæðum þar sem er markaðsbrestur. Eitt af meginmarkmiðum þessarar fjarskiptaáætlunar er að stuðla að atvinnuuppbyggingu, bættum lífsgæðum, og jákvæðri byggðapróun, sbr. a.-lið 1. kafla tillögunnar. Það er ljóst að þessi mismunun gengur gegn þessu markmiði og mun líklega hafa í för með sér neikvæða byggðapróun.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Elías Blöndal Guðjónsson', written over a horizontal line.

Elías Blöndal Guðjónsson

lögfræðingur